

Fundargerð hreppsnefndar 20. júní 2018

Fundur

Fundur nr. 2 kjörtímabilið 2018 – 2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps miðvikudaginn 20. júní 2018 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00.

Mætt til fundar: Sigríður Bragadóttir, Stefán Grímur Rafnsson, Bárður Jónasson, Ragna Lind Guðmundsdóttir, Axel Örn Sveinbjörnsson, Bjartur Aðalbjörnsson og Björn Heiðar Sigurbjörnsson.

Einnig mættur Magnús Már Þorvaldsson sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar leitaði oddviti heimildar til afbrigða að nefndin heimilaði að taka ráðningu sveitarstjóra sem síðasta lið undir almenn mál. Samhljóða samþykkt.

Síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. Kosning aðal- og varafulltrúa í nefndir sveitarfélagsins

Kosið var í eftirfarandi fastanefndir sveitarfélagsins:

1. Kjörstjórn: aðalmenn: 3, varamenn: 3
2. Atvinnu og ferðamálanefnd: aðalmenn 5, varamenn 3
3. Félagsmála –og barnaverndarnefnd: aðalmaður 1
4. Hafnarstjórn: aðalmenn: 5, varamenn: 5
5. Velferðarnefnd: aðalmenn: 5, varamenn: 5
6. Landbúnaðarnefnd: aðalmenn: 7, varamenn: 7
7. Skipulags-og umhverfisnefnd: aðalmenn:7, varamenn: 7
8. Fræðslunefnd: aðalmenn: 5, varamenn: 5
9. Æskulýðs- og íþróttanefnd: aðalmenn 5, varamenn 3
10. Menningarmálanefnd: aðalmenn 5, varamenn 5
11. Ungmennaráð Vopnafjarðar 2018-2019

Fyrir fundi lágu skipan ofangreindra nefnda og eru að finna í hjálögðu skjali. Var skipan hveirar nefndar samhljóða samþykkt. Kjörnefnd sveitarfélagsins var skipuð á 1. fundi sveitarstjórnar þann 15.06.18 og í ungmennaráð verður skipað í haust.

2. Fundargerðir:

1. Velferðarnefndar 14. maí 2018

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

2. Fræðslunefndar 24. maí 2018

Sveitarstjórn þakkar fræðslunefndinni starfið á kjörtímabilinu og tekur sveitarstjórn undir ábendingu svo sem fram kemur í 3. máli í fundargerð. Eru nefndarmenn sammála um að bæta megi vinnubrögð með samtali milli sveitarstjórnar og undirnefnda sveitarfélagsins. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

3. Menningarmálanefndar 28. maí 2018

Skv. hefð lýkur fráfarandi menningarmálanefnd starfi sínu að aflokinni bæjarhátíð í júlí. Býðst nýrri nefnd að vinna með henni þann tíma. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

4. Menningarmálanefndar 4. júní 2018

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

5. Skipulags- og umhverfisnefndar 12. júní 2018

Tl. 2. og 3. í fundargerð er vísað til a-liðar undir almenn mál í fundargerð. Varðandi 4. tl. tekur sveitarstjórn undir ábendingar nefndarinnar og mun koma á framfæri. Undir 6. tl. var bókað: Samhljóða samþykkt að vísa málinu til frekari vinnslu. Sveitarstjórn vill kanna hvort friðlýsing geti haft áhrif á aðra starfsemi í nágrenninu. Fundargerðin að öðru leyti samhljóða samþykkt.

6. Lagningu ljósleiðara 28. maí 2018

Oddviti bauð Stefáni Grími að kynna málið nánar og svaraði framkomnum fyrirspurnum. Fundargerðin til kynningar.

7. Nefndar um byggingu vallahúss 6. júní 2018

Bárður kynnti málið og svaraði fyrirspurnum. Samþykkt samhljóða að boða Böðvar Bjarnason hjá Verkfræðistofunni EFLU hið fyrsta til fundar þar sem kostnaðaráætlun verkefnisins verður til kynningar. Starfsmanni byggingafulltrúa falið að fylgja málinu eftir. Fundargerðin til kynningar.

8. 7. fundur Svæðisskipulagsnefndar SSA 4. maí 2018

Oddviti kynnti málið en annars lagt fram til kynningar.

9. 9. fundar stjórnar SSA 14. maí 2018

Lagt fram til kynningar.

10. Aðalfundar Brunavarna á Austurlandi 15. maí 2018

Lagt fram til kynningar.

11. 860. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 18. maí 2018

Lagt fram til kynningar.

12. 404. fundar Hafnasambands Íslands 28. maí 2018

Lagt fram til kynningar.

13. 164. fundar Félagsmálanefndar 29. maí 2018

Lagt fram til kynningar.

14. Endurskoðun fjallskilasamþykktar Múlasýslna 31. maí 2018

Lagt fram til kynningar.

3. Bréf til sveitarstjórnar:

1. Persónuverndarlög

Lagt fram til kynningar.

2. Vopnaskak – tækifærisleyfi

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina og samþykkir samhljóða tækifærisleyfið fyrir sitt leyti. Starfsmanni byggingafulltrúa falið að fylgja málinu eftir.

3. Strandblakvöllur

Kæra vegna strandblakvallar send úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindaráðuneytisins móttakið af byggingafulltrúa f.h. Vopnafjarðarhrepps.

Lagði minnihluti fram svofellda bókun:

„Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram tillögu þess efnis að hætt verði við gerð strandblakvallar á núverandi stað. Sveitarfélagið á að vera leiðandi í aukinni samstöðu og samstarfi íbúa og stjórnvalda og er það mat fulltrúa Samfylkingar að það sé samfélaginu ekki til bóta að halda framkvæmdum áfram á þessum stað. Fundin verði ný staðsetning fyrir strandblakvöll í samráði við blakiðkendur.“ Tillagan síðan borin upp til atkvæða. Bókunin felld með 5 atkvæðum Bárðar, Stefáns Gríms, Sigríðar, Axels Arnar og Rögnu Lindar. Atkvæði með tillögunni greiddu Bjartur og Björn Heiðar.

Síðan lagði meirihluti fram eftirfarandi bókun:

„Í ljósi mótmæla íbúa leggur sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps til að fundað verði með óánægðum íbúum í nágrenni við fyrirhugaðan strandblakvöll.“

Með fundinum vill sveitarstjórna leita leiða til að sátt náist um að völlurinn fái að rísa og vera til reynslu í eitt ár eins og áætlanir gerðu ráð fyrir.

Á þessu ári verði fylgst með þróun mála, atvik sem valda ónæði verði skráð og fylgst verði með sandfoki.

Að loknum þessum prufutíma verði tekin ákvörðun um framhaldið, séu fá atvik sem valda truflun og sandfok lítið fái völlurinn að vera annað ár til reynslu þar sem sama aðferð verður notuð til að fylgjast með truflun og sandfoki. Framtíð vallarins verði síðan ákveðin útfrá þessu.”

Tillagan borin upp og samþykkt með 5 atkvæðum Bárðar, Stefáns Gríms, Sigríðar, Axels Arnar og Rögnu Lindar. Á móti voru Bjartur og Björn Heiðar.

4. Fulltrúar í félagsmálanefnd

Bárður vék af fundi undir þessum lið. Oddviti bar upp þá tillögu Halldóra S. Árnadóttir yrði skipuð sem fulltrúi Vopnafjarðarhrepps í félagsmálanefnd. Tillagan samþykkt með 4 atkvæðum Stefáns Gríms, Sigríðar, Axels Arnar og Rögnu Lindar. 2 sátu hjá, Bjartur og Björn Heiðar,

5. Jafnréttisstofa

Lagt fram til kynningar.

1. 4. Almenn mál:

2. Deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis og íþróttasvæðis

Deiliskipulagstillaga hafnarssvæðis var samhljóða samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 17. maí sl. Sbr. hjálagða fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar er fyrirbyggjandi verkefnaálysing samhljóða samþykkt að mótteknum umsögnum hlutaðeigandi stofnana. Samþykkir sveitarstjórn samhljóða verkefnaálysingin verði auglýst og kynnt. Stefnt er að vinna nýtt deiliskipulag fyrir miðsvæði Vopnafjarðar m.t.t. verndarsvæðis í byggð. Sveitarstjórn samþykkir ennfremur samhljóða að deiliskipulagstillaga íþróttasvæðis verði auglýst og kynnt með áorðnum breytingum.

1. Umsókn um leiguíbúð aldraðra

Samhljóða samþykkt.

1. Umsókn um leiguíbúð

Í ljósi þess að fyrri umsækjendur féllu frá ósk um húsnæði var íbúðin auglýst að nýju til leigu. Ein umsókn barst um hana. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Zhivko Todorov Dinev íbúðina.

1. Fræðslufundur KPMG

KPMG býður sveitarstjórnarfólki til fræðslufundar og samþykkt þátttaka í fundinum.

1. Fulltrúi á Landsþing SÍS

Samhljóða samþykkt að til þings fari oddviti og sveitarstjóri.

6. Ráðning sveitarstjóra

Oddviti kynnti málið sem síðan var til umræðu og að henni lokinni var samhljóða samþykkt að ráða Capacent um að annast ráðningarferlið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 19:08.

[Fundarboð 20. júní 2018.pdf](#)

[Nefndir Vopnafjarhr. 2018-2022.pdf](#)